

# Velkomin í Árneshrepp á Ströndum

**Árneshreppur** er nyrsta sveitarfélagið í Strandasýslu og afskaplega landmikið. Í suðri nær hreppurinn frá Spena undir Skreflufjalli á milli eyðibýlanna Kaldbaks og Kolbeinsvíkur og að norðanverðu að Geirólfsgnúp fyrir norðan Skjaldabjarnarvík.

## Auglýsingar og fréttir

### TILKYNNING FRÁ HREPPSNEFND ÁRNESHREPPS:

Hreppsnefnd Árneshrepps ákvað á fundi sínum 9. ágúst 2023 að senda frá sér eftirfarandi ályktun;

Mikil umræða hefur átt sér stað um sameiningu sveitarfélaga síðustu ár. Ýmsir möguleikar hafa verið skoðaðir sem þó hafa ekki enn leitt til niðurstöðu í stærra samhengi. Vegna fámennis sveitarfélagsins hefur Árneshreppur ekki haft frumkvæði að viðræðum við önnur sveitarfélög. Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti einróma á fundi sínum að lýsa yfir vilja til viðræðna við önnur sveitarfélög og jafnframt óska eftir að fá að fylgjast með umræðum í nágrannasveitarfélögum.

Norðurfirði 13.ágúst 2023,

fyrir hönd hreppsnefndar,

Eva Sigurbjörnsdóttir,

oddviti Árneshrepps.

## Tenglar



Litli Hjalli - Fréttir frá Árneshreppi

---

Félag Árneshreppsbúa

---

Facebook síða Björgunarsveitarinnar Strandasól

---